



Björn Bjarki Þorsteinsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Hólmavík, 27. júní 2023.

Efni: Minnisblað Fjósar, útihús.

Um ræðir 5 útihús sem stödd eru á túninu norðan dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún. Það eru:

Matshluti	Notkun	Byggingarár	Stærð
Mhl 030101	Fjárhús	1967	46 m ²
Mhl 040101	Hlaða	1967	24,9 m ²
Mhl 050101	Hesthús	1967	24,9 m ²
Mhl 060101	Fjárhús	1960	39,7 m ²
Mhl 070101	Hlaða	1960	20,9 m ²

Undirritaður fór á staðinn og skoðaði húsin þann 1. Júní síðastliðin, og telur undirritaður að húsin séu langt frá því að vera viðgerðarhæf og þykir mildi að þau séu ekki fokin út í veður og vind. Hanga væntanlega saman á bárujárninu einu en þau eru öll klædd með máluðu bárujárn, bæði útveggir og þök. Timbur er í veggjum, loftum og fólfum og þjónar einnig sem burðarvirki húsanna.

Í húsinu að vestanverðu er sprungin lögn og lekur vatn og er gólfbitar ónýtir og er fallhætta niður um gat í horninu vestast í húsinu og er húsið galopið fyrir veðri og vindum.

Húsið að austanverðu er í betra standi, en undirritaður telur að það taki því ekki að gera við húsið því ekki er um menningarminjar að ræða eða fýsilegan geymslukost þar sem ekki er hiti í húsinu og meindýr komast auðveldlega inn.

Auðveldlega er hægt að komast inn í húsin og slasa sig og á þeim nótum ráðlegg ég að húsin verði rifin niður og fjarlægð áður en slíkt gerist og eða verður öðrum að tjóni vegna fokhættu og um leið verður sveitarfélagið skaðabótarskylt.

Virðingarfyllst.

Grettir Örn Ásmundsson

Grettir Örn Ásmundsson
Byggingarfulltrúi Dalabyggðar

